

# Aðgerðir 2024–2027

2. aðgerðaáætlun menntastefnu til ársins 2030

Önnur aðgerðaáætlun menntastefnu til ársins 2030 verður innleidd með 20 fyrirhuguðum aðgerðum.

Mennta- og barnamálaráðuneytið kallar eftir endurgjöf frá hagaðilum um þessar aðgerðir ásamt verkþáttum.

Aðgerðirnar auk markmiða eru birtar hér og flokkaðar eftir grunnstoðum menntastefnu 2030.

Endurgjöfin verður nýtt við að fullmóta aðgerðaáætlunina.

## Gæði í forgrunni

Aðgerð	Markmið
Menntatölfræði og lykiltölur menntunar	Bæta upplýsingaöflun ríkis og sveitarfélaga um skólalald og líðan, upplifun og árangur nemenda í leik- grunn- og framhaldsskólum ásamt nýtingu gagna til stefnumótunar
Endurskoðun aðalnámskráa leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla	Aðalnámskrár leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla lýsa framúrskarandi menntun og styðja við hæfni til framtíðar
Endurskoðað mat og eftirlit með skólastarfi	Ytra mat leik-, grunn- og framhaldsskóla nýtist mennta- og barnamálaráðuneyti, sveitarfélögum og skólum á skilvirkan hátt til að meta gæði skólastarfs og gera viðeigandi umbætur - skilgreint verði nánar hlutverk ríkis og sveitarfélaga varðandi ytra mat í leik- og grunnskólum.
Bættur námsárangur í alþjóðlegum samanburði	Að námsárangur nemenda á grunnskólastigi standist alþjóðlegan samanburð



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og barnamálaráðuneytið

# Hæfni fyrir framtíðina

## Aðgerð

## Markmið

Stefna um stafrænar lausnir í skólastarfi

Að börn og ungmenni séu í stakk búin að athafna sig í umhverfi þar sem gervigreind og aðrar stafrænar lausnir eru notaðar á ábyrgan og fjölbreyttan hátt með siðferðisleg gildi og mannréttindi að leiðarljósi

Sjálfbærni og loftslagsmál í menntun

Auka áherslu í menntakerfinu á loftslagsmál og sjálfbærni - skólastarf, námskrár, kennaramenntun og starfsþróun kennara miði að aukinni umfjöllun, aðgerðum og fræðslu í loftslagsmálum

Þróun námsframboðs framhaldsskóla

Færni þróast í takt við þarfir samfélagsins og áskoranir hnattvæðingar og fjórðu iðnbyltingar

Stafræn borgaravitund í menntun og áhersla á miðlalæsi

Að börn og ungmenni búi yfir færni til að fóta sig í stafrænum heimi, þekki hættur, réttindi sín og skyldur og verði ábyrgir og öruggir stafrænar notendur - stafræn borgaravitund verði hluti af skólamenntuninni

# Jöfn tækifæri fyrir alla

## Aðgerð

## Markmið

Samræmt verklag um móttöku, menntun og inngildingu barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á landsvísu

Að íslenskt menntakerfi mæti námslegum og félagslegum þörfum barna og ungs fólks með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á öllum skólastigum og með því stuðla að inngildingu og virkri þátttöku barna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi

Efling námsgagnaútgáfu og ný lög um námsgögn

Að börnum á öllum skólastigum standi til boða gjaldfrjáls námsgögn

Öflugt samráð við börn og ungmenni um menntamál

Stjórnvöld eigi markvisst og reglulegt samráð við börn og ungmenni um menntamál og hlusti eftir sjónarmiðum sem tekið verði mið af við stefnumótun

Menntaþing um leikskólastigið og þróun þess

Að eiga gott samstarf við hagsmunaaðila um þróun leikskólastigins til framtíðar

# Kennsla í fremstu röð

## Aðgerð

## Markmið

Fjölgun kennara

Leik-, grunn- og framhaldsskólar verði mannaðir kennurum til að tryggja gæði náms og kennslu og mæta þörfum samfélagsins

Íslenskufærni starfsfólks sem vinnur við uppeldi og menntun barna

Starfsfólk með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í leik- og grunnskóla og frístundastarfi hafi góða færni í íslensku

Öflugir kennarar í skólum landsins

Að efla gæði kennslu

Stuðningur og ráðgjöf við nám og kennslu

Aukinn faglegur stuðningur við nýliða í kennslu og að spornað verði við brotthvarfi kennara úr starfi

## Aðgerð

## Markmið

Innleiðing heildstæðrar löggjafar um inngildandi menntun og skólaþjónustu

Að tryggja aðgengi barna og ungmenna um allt land að heildstæðri skólaþjónustu þar sem þrepaskiptur stuðningur liggur til grundvallar

Safn vandaðra almennra skimunartækja til notkunar í skólum

Að skólar hafi aðgang að vönduðum skimunartækjum til að koma snemma auga á náms-, félags- og tilfinningalegar áskoranir og veita snemmtækan stuðning

Aukin áhersla á vellíðan í skóla- og frístundastarfi

Styrkja félags- og tilfinningafærni barna og ungmenna með það að markmiði að stuðla að jákvæðum skólabrag og betri líðan

Námsumhverfi barna og ungmenna styðji við farsælt nám og vellíðan

Að öll börn og ungmenni búi við námsumhverfi sem styður við nám þeirra og vellíðan

# Vellíðan í öndvegi